

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra
Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður þróunarsamvinnunefndar
Dagsetning: 25. ágúst, 2023
Efni: Umsögn þróunarsamvinnunefndar um tillögu til þingsályktunar

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Á fundi þróunarsamvinnunefndar í dag var samþykkt umsögn nefndarinnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, eins og hún birtist í samráðsgátt stjórnvalda.


Meðfylgjandi er umsögnin, eins og hún var samþykkt á fundinum, sem var vel sóttur, meðal annars af þingmönnum frá öllum þingflokkum á Alþingi. Fundargerð verður send síðar þegar hún er tilbúin.

Umsögnin er unnin í samræmi við 5 gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, þar sem kveðið er á um að umsögn þróunarsamvinnunefndar skuli fylgja þingsályktunartillögunni til Alþingis.

Eins og lesa má, þá er heildarniðurstaða nefndarinnar að tillagan marki heilsteypa stefnu í þróunarsamvinnu Íslands til næstu fimm ára. Settar eru fram tillögur í einstökum atriðum sem nefndin vonast til að styrki stefnuna enn frekar.

Ég vil að lokum þakka þér og starfsmönnum ráðuneytisins fyrir drög að stefnu í þessum víðfeðma málaflokki, sem er vel skrifuð, vel uppbyggð og skýr.

Með bestu kveðju,


Þórir Guðmundsson
formaður þróunarsamvinnunefndar